

sektaður fyrir hilming með óleyfðri lausamennsku, þá skal það tekið fram, að honum hefur ekki verið stefnt fyrir það brot, og verður hann því ekki dæmdur fyrir það. Um málskostnað skal hjeraðsdóminum óraskað.

Allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað ber hinum ákærða að greiða, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Halldór Hinriksson, á að sæta 3 —þriggja—ára betrunarhússvinnu. Um málskostnað í hjerði skal hjeraðsdóminum óraskað. Svo greiði hinn ákærði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málfutningsmannanna Hannesar Hafsteins og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 17/1887.

Rjettvísín

gegn

Halldóri Halldórssyni og
Vigdýsi Valgarðsdóttur.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Árnassýslu, gengnum að Gerðiskoti 23. nóvember f. á., var hinn ákærði, Halldór Halldórsson, dæmdur fyrir stórpjófnað og einfaldan pjófnað

til að sæta betrunarhússvinnu í 8 mánuði, og hin meðákærða, Vigdýs Valgarðsdóttir, fyrir meðverknad í þeim glæp, til að sæta fangelsi við vatn og braud í 5 daga. Auk þessa var Halldór dæmdur til að greiða iðgjöld til ýmsra manna, að upphæð kr. 52,43, en málskostnað voru bæði hin ákærðu dæmd til að greiða *in solidum*.

Þessum dómi hefur að tilhlutun hlutaðeigandi amtmanns verið áfrýjað til landsyfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða, Halldórs Halldórssonar, er stýðst við aðrar skýrslur, sem fengnar eru í málinu, er það löglega sannað, að hann hin síðustu 3 ár, er hann bjó í Guðnabæ og í Þórðarkoti í Selvogi, hefur stolið 4 sauðkindum, sem sje lambi frá Árna hreppstjóra Árnasyni í Þorkelsgerði, veturgamalli kind frá Þorsteini Ásbjarnarsyni á Bjarnastöðum, og 2 ám, sem ekki hefur sannast hver átti; öllum þessum kindum stal hann úti á víðavangi, og hagnýtti sjer afurðir þeirra. — Þá er enn sannað, að hann frá Þorsteini Ásbjarnarsyni á Bjarnastöðum hefur á ýmsum tímum stolið ýmsu til eldiviðar, svo sem 3 árum, 4 sjö-álna-borðum, hástokk úr skipi, auk smáspítna, svo og hjer um bil 1 tunnu af jarðeplum; frá Guðmundi Ólafsyni í Nesi hjer um bil 6 pundum af mör, 1 skeffu af jarðeplum, er hann, eins og ávallt er hann stal jarðeplum, tók upp úr görðum eigenda á næturpeli, og nokkrum smáspítum; frá Eyjúlfi á Vötnum og Guðmundi í Hróarsholti botnlausum kagga; frá Húnbjörgu í Ertu í fyrra sumar hjer um bil 1 skp. af jarðeplum, er að vörmu spori var tekin af honum aptur. Þar að auki er sannað, að hann fyrir mörgum árum hefur frá sjómönnum stolið kjöti, kæfu og smjöri, er hann át, vasahníf á bæ er hann gisti á, og undan kodda í rúmi í sjómannaþúð, er hann var næt-

ursakir í eina nótt, vasaklút með hjer um bil 1 pundi af sykri í; sykurinn át hann, en eigandinn gaf honum klútinn seinna. Hinn ákærði hefur fært sjer það til málsbóta, að hann hafi átt mjög bág og ekki getað fengið hjálp. En þótt ráða megi af skjölum málsins, að hann muni hafa verið mjög fátækur, er þó ekkert komið fram, er styrki þann framburð hans, að hann hafi ekki getað fengið hjálp hjá hlutadeigandi fátækrastrjórn, og sumt af hinu stolna er þess eðlis, að auðsjáanlega, ekki fátækt, heldur stelvísi hefur knúð hann til þjófn- aðar. Þessi framburður hans getur því ekki orðið honum til linkindar.

Afbrot hins ákærða, sem er kominn langt yfir lög- aldur sakamanna og ekki áður hefur sætt hegningu fyrir neitt afbrot, á undir 230. og 231. gr. hinna almennu hegningarlaga, og virðist hegning sú, sem hann hefur til unnið, hæfilega ákveðin 1 árs betrunarhússvinnu. Iðgjöld verða ekki dæmd í þessu máli, þar eð enginn þeirra, er hinn ákærði stal frá, hefur krafizt þeirra.

Hin meðákærða, Vigdýs Valgarðsdóttir, sem að því sjeð verður um hin síðustu ár hefur verið bústýra Hall- dórs, er með eigin játningu og öðrum skýrslum í mál- inu orðin uppvis að því, að hafa matreitt og notið af kindum þeim, er Halldór stal, þótt hún vissi að þær voru ófrjálsar, eins og líka, að hún hefur notað til eldi- viðar ýmsan við, er henni var kunnugt um að Halldór hafði stolið. Hún er því sek eptir 242 gr., sbr. 56. gr. hinna almennu hegningarlaga, og virðist hegning henn- ar hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 2 daga.

Hin ákærðu eiga að greiða allan af málinu í hjeraði löglega leiðandi kostnað, eins og líka allan þann kostn-

að, sem af áfrýjun þess leiðir, þar með talin málflytningu-
inglaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr.
til hvors þeirra, Halldór að $\frac{3}{4}$ hlutum, en Vigdýs að $\frac{1}{4}$
hluta.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og
sókn og vörn í því við landsyfirdóminn lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Halldór Halldórsson, á að sæta
betrunarhússvinnu í 1 ár, en meðákærða, Vigdýs
Valgarðsdóttir, fangelsi við vatn og brauð í 2 daga.
Svo greiði hin ákærðu allan af málinu í hjerði lög-
lega leiðandi kostnað, svo og allan af áfrýjun máls-
ins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu-
laun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn,
málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar
og Hannesar Hafsteins, 10 kr. til hvors þeirra,
Halldór að $\frac{3}{4}$ hlutum, en Vigdýs að $\frac{1}{4}$ hluta.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 5/1887.

Alþingismaður Jón Ólafsson
gegn
bóksala Kr. Ó. Þorgrímssyni.

D ó m u r :

Með dómi, gengnum á bæjarþingi Reykjavíkur-kaup-
staðar 16. dag desembermán. f. á., var áfrýjandi þessa
máls, alþingismaður Jón Ólafsson, dæmdur til að greiða
hinum stefnda, bóksala Kr. Ó. Þorgrímssyni, reiknings-